



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 9. júní 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga (bætt réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) mál nr. 518.

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dags. 25. maí sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

Umboðsmaður barna gerði umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, (réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), sem lagt var fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi og frumvarp þetta byggir á.

Umboðsmaður barna fagnar þeim breytingum sem hér eru lagðar fram og miða að því að bæta réttarstöðu brotaþola og fatlaðra við meðferð sakamála hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Ein af þeim breytingum sem lagðar eru til er að dómara verði heimilt að ákveða að skýrslugjöf brotaþola eða vitnis með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun, fari fram í sérútbúnu húsnæði. Í greinargerð kemur fram að slík skýrslutaka geti farið fram í Barnahúsi eða sérútbúnu herbergi í dómhúsi.

Hafa þarf í huga að Barnahús er sérstaklega útbúið fyrir börn og hentar því almennt ekki fyrir skýrslugjöf þegar um fullorðið fólk er að ræða. Það er ákjósanlegt að á vegum dómstóla verði komið upp sérstakri aðstöðu sem hentar fyrir starfsemi sem þessa þar sem komið verði til móts við þarfir fatlaðs fólks. Töluvert álag hefur verið á starfsemi Barnahúss og mikilvægt er að skerðing verði ekki á þeirri þjónustu sem þar er veitt.

Umboðsmaður hafði gert athugasemd við breytingar sem lagðar voru til á 59. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 en fallið hefur verið frá þeim breytingum í núverandi mynd frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna